008745

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd
4 / 5 2022

Fjallabyggð
Byggingarfulltrúi




GRUNNMYND 1:100




GRUNNMYND 1:100




AFSTÖÐUMYND 1:500

## Byggingar og efnislýsing:

***Staðsetning***

Um er að ræða nýbyggingu á nýju sumarhúsi á nýrri lóð úr landi Burstabrekku Ólafsfirði. Húsið stendur uppí brekku ofan við veginn.

***Stærðir:***

| | |
|---|---|
| Landnúmer= | 233396 |
| Birt flatarmál= | 80.7 m2 |
| Brúttó rúmmál= | 360.6 m3 |
| Lóðarstærð= | 1.5 ha |
| Nýtingarhlutfall= | 0.005 |

***Uppbygging og efni***

Húsið er timburhús og mun standa á steyptum kjallara sem steyptur verður á frostfría fyllingu. Húsið er klætt að utan með standandi klæðningu. Gluggar verði timbur gluggar af viðurkenndum aðila. Þak er með halla til norðurs og suðurs. Þakvirki er hefðbundið sperruþak, uppbyggt með sperrum 50x225mm c/c 600mm í flokki T1. Milli sperra er einangrað með 200mm steinullareinangrun, undir einangrun komi rakavarnarlag, þá 35mm afréttingargrind og loks klætt með panil. Ofan á einangrun verði 25mm loftunarbil, tommu klæðning, tjörupappi og loks bárustálklæðning. Loftun þaks uppfylli kröfu bygginareglugerðar. Hitalagnir verði í gólfum. Gólfbitar verði 50x250mm c/c 600mm. Einangrun í gólfi er 250mm steinullareinangrun. Veggir eru byggðir upp með 50x150mm stoðum c/c 600mm, á milli stoða verði 150mm steinullareinangrun, þá komi 12mm rakaþolin krossviður, 20mm loftunarbil og loks utanhússklæðning. Að innan verði rakarvarnarlag, raflagnagrind og klætt innan með spónaplötum, panil eða gifsi. Léttir innveggir verði úr 34x70mm timburstoðum, ull á millli og klæddir með klæðningu í flokki 2 eða betra. Byggingin uppfylli kröfur um loftræstingu íbúðarhúsnæðis í Byggingareglugerð. Heitur pottur verði staðsettur á útiverönd með læstu loki og verði frá honum gengið í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Rotþró verði komið fyrir í samræmi við reglugerðir um fráveitur og sorp.

Gera skal ráðstafanir svo að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð t.d. með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað, varmaskipti eða uppblöndun sem að tryggi að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 65°C. Vatnshitastig í böðum skal ekki vera svo hátt að hætta sé á húðbruna við töppunarstaði eins og í steypiböðum, baðkerum og heitum pottum.

Snjógrindur verða á þaki yfir inngöngum í húsið.

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hafa hlotið staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

Reykskynjari verði staðsettur miðsvæðis í húsinu staðsettur í samráði við eldvarnareftrilitsmann, í eldhúsi verði staðsettur sjúkrakassi, læstur lyfjaskápur og slökkvitæki.

***KÓLNUNARTÖLUR:***

| | |
|---|---|
| Þak | 0.20 W/m2K |
| Útveggir | 0.40 W/m2K |
| Gluggar | 2.00 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.30 W/m2K |
| Útveggir vegið meðaltal | 0.83 W/m2K |




VESTUR ÚTLIT 1:100




AUSTUR ÚTLIT 1:100




SNIÐ A-A 1:100




NORÐUR ÚTLIT 1:100




SUÐUR ÚTLIT 1:100

Hönnunarstjóri:
Rögnvaldur Harðarson 0803793319

röGG teiknistofa
Espilundi 20, 600 Akureyri
Tel: 461 5165 - 897-7-897
Mail: roggteiknistofa@gmail.com
Rögnvaldur Harðarson Byggingarfræðingur, BFÍ

BÆRI
FJALLABYGGÐ
AÐALUPPDRÁTTUR
GRUNNMYND OG
BYGGINGARLÝSING.

| | |
|---|---|
| VERK: | 1462 |
| KVARÐI: | 1:100 |
| DAGS: | 22.02.2022 |
| TEIKNAÐ: | ROGG |